



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur 3. desember 2014, kl. 12:00 í Frost og Funa, Hveragerði

Mætt: Ása Valdís Árnadóttir formaður, Elva Dögg Þórðardóttir, Gunnar Þorgeirsson, Margrét Runólfadóttir, Sigrún Kapítola Guðrúnardóttir og Þórður Freyr Sigurðsson. Dagný Hulda Jóhannsdóttir og Ragnhildur Sveinbjarnardóttir sitja einnig fundinn og ritar Ragnhildur fundargerð.

Fundarefni:

1. Málþing og uppskeruhátíð

Þann 7. Nóvember hélt Markaðsstofan málþing og uppskeruhátíð í Vík. Um 50 manns mættu á hvorn viðburð fyrir sig og heppnuðust ágætlega. Báðir viðburðirnir voru opnir öllum ferðapjónustuaðilum á Suðurlandi. Til að standa straum að hluta af kostnaði við þessa viðburði fékk Markaðsstofan styrk frá Ferðamálasamtökum Suðurlands. Athuga skal fyrir næsta ár hvort önnur tímasetning eða fyrirkomulag sé hentugra.

2. Heimasíðan

Farið var yfir stöðu heimasíðunnar og stefnt er á að koma henni í loftið fyrir jól.

3. Rafrænt fréttabréf

Fyrir málþing var tekið saman efni í rafrænt fréttabréf í Mail chimp og sent á aðila. Stefnt verður að því að senda slíkt 4 sinnum á ári. Þá munu verða teknir saman nokkrir póstlistar sem mismunandi fréttabréf verða send á (aðilar, ferðaskrifstofur, fjölmiðlar og fleiri)

4. Kynning/fundir með sveitarstjórnnum

Um næstu áramót eru samningar lausir við sveitarfélögin en í október voru send út bréf til allra sveitarstjórna um endurnýjun samninga. Búið er að hitta sveitarstjóra og oddvita í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og hafa Árborg, Rangárþing Eystra og Sveitarfélagið Ölfus einnig óskað eftir fundi á næstunni.

5. Bókhaldið

Farið yfir stöðuna miðað við áætlun.

Leitað verður leiða til að lækka kostnað og tekið mið af því við áætlanagerð fyrir næsta ár.

6. Sýningar framundan

Mannamót markaðsstofa landshlutanna fara fram þann 22. janúar næstkomandi og verða með svipuðu sniði og síðast. Gæta þarf að láta alla hagsmunaaðila vita af viðburðinum.

Ferðasýningin Mid-Atlantic fer fram 6. febrúar og verður Markaðsstofan með bás þar og jafnvel hafa aðkomu að post tour í tengslum við sýninguna.

Íslandsstofa hefur sent frá sér lista yfir sýningar og workshop erlendis sem taka á þátt í fyrir Íslands hönd árið 2015. Farið verður yfir þann lista og tekin ákvörðun um hvort og þá hvaða verkefnum Markaðsstofan tekur þátt í á nýju ári.

7. Önnur mál

Rætt um aðkomu Markaðsstofunnar að kynningarefni sem gefið er út á vegum Íslandsstofu.

Ræddur var fastráðningarsamningur framkvæmdastjóra en tímabundinn samningur rennur út um áramót.

Dagný og Ragnhildur véku af fundi.

Fundi slitið 14:00